

NES FRÉTTIR

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188

JÚNÍ 2015 • 6. TBL. • 28. ÁRG.



**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345



Mánudaginn 8. júní hófst hinn margfrægi knattspyrnskóli Gróttu á Vivaldivellinum á Seltjarnarnesi. Líf og fjör hefur verið fyrstu dagana og stemningin góð þrátt fyrir veðrið hafi verið misgott. Sjá nánar á bls. 14.

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

**Slökkvitækja-
þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

græn heilsa
lífræn heilsuverslun

Ægisíða 121
facebook.com/grænheilsa

Í ALFARALEIÐ

20 AÐALMÆLI
SÁMSPYRRI
BILSKOÐUN

Aðalskoðun

Reykjavík Skeifunni 5 Sími 590 6930



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum
í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann
til að sækja „appið“
frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn

**Hafðu bankann
með þér**



NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Eiðistorgi 13-15, 170 Seltjarnarnes, Pósthólf 172. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórunn Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

www.borgarblod.is

Leiðari

Lækningaminjasafnshúsið

Ljóst er að Seltjarnarnesbær þarf að endurgreiða þau framlög sem sem honum voru lögð til af ríki og læknafélögum til byggingar Lækningaminjasafns á lóð Nesstofu. Bæjaryfirvöld ákváðu að segja sig frá samningi við ríkið og félögin þar sem þau töldu forsendur brostnar til þess að byggja og reka safnið samkvæmt honum. Ekki var látið reyna á hvort unnt væri að ná nýjum samningi við ríkið sem yrði hagfelldari fyrir bæjarfélagið sem hafði skuldbundið sig til þess að reka safnið til framtíðar.

Vandinn í málinu er að þegar hefur verið byggt sérhannað húsnæði sem ætlað var fyrir starfsemi safnsins. Sá vandi lýsir sér nú með þeim hætti að finna verður því húsnæði not hvort sem það verður gert með hugsanlegri sölu eða leigu til einhverra aðila sem sjá myndu sér fært að nýta það fyrir einhverja starfsemi. Húsið stendur á viðkvæmum stað á Seltjarnarnesi – á túninu við Nesstofu sem bindur mjög hendur varðandi aðra starfsemi en tengist stofunni og þeirri starfsemi sem þar fer fram. Lausnin er ekki augljós þótt hennar verði eflaust leitað því afleitt er að byggingin standi ónotuð til langframa og að bæjarfélagið hafi engar tekjur af henni.

Sterkar konur

Árangur tveggja kvenna af Seltjarnarnesi í kraftlyftingum að undanfögnu hefur vakið verðskuldaða athygli. Annars vegar Árangur Fanneyar Hauksdóttur sem sigraði á HM unglunga í bekkpressu sem fram fór í Svíþjóð í maí auk þess að verða stigahæst allra á mótinu. Nokkuð sem er einungis getur verið á færi þeirra bestu. Einnig má geta um árangur hinnar 15 ára gömlu Matthildar Óskarsdóttur sem bætti árangur sinn verulega í -72 kg flokki á HM unglunga í klassískum kraftlyftingum í Finnlandi á dögunum. Árangur þeirra er til marks um það öfluga starf sem fer fram í kraftlyftingum á vegum Gróttu.

Lækningaminjasafnið:

Bærinn þarf að endurgreiða framlögin

Seltjarnarnesbær þarf að leysa húsið sem ætlað var fyrir lækningaminjasafn til sín og endurgreiða ríkinu 100 milljónir króna. Einnig kallar Læknafélag Íslands og Læknafélag Reykjavíkur eftir uppgjöri upp á um 110 milljónir króna. Bæjarfélagið þarf samkvæmt því að endurgreiða yfir 200 milljónir króna en húsið sem safninu var ætlað verður eign þess.

Í bréfi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins til Seltjarnarnesbæjar frá 13. mars síðastliðnum kemur fram að ráðuneytið hafi óskað eftir því að fjársýsla ríkisins taki að sér að innheimta stofnkostnaðarframlag ríkissjóðs sem greitt var Seltjarnarnesbæ að upphæð 75 milljónir króna en uppreiknað til janúar 2015 að upphæð 100 milljónir. Upphaf þessa máls má rekja til þess að á árinu 2007 var gerður samningur á milli Seltjarnarnesbæjar, Þjóðminjasafns Íslands, menntamálaráðuneytisins og Læknafélags Íslands um stofnkostnað, byggingu og rekstur húsnæðis fyrir Lækningaminjasafn Íslands. Áætlað var að heildarkostnaður við byggingu hússins næmi 345 milljónum króna. Þar af skyldu ríkið og læknafélögin leggja til 235 milljónir króna en Seltjarnarnesbær það sem á vantaði. Hluti af framlögum hinna fyrrnefndu var erfðagjof Jóns Steffensen prófessors til íslenska ríkisins sem þá var metin á 110 milljónir króna. Sú gjöf var bundin þeim skilyrðum að fénu yrði varið í þágu lækningaminjasafns í Nesstofu á Seltjarnarnesi. Eins skyldi mennta- og menningarmálaráðuneyti styrkja reksturinn með árlegu framlagi sem væri bundið vísitölu.

Bærinn sagði sig frá samningnum

Um miðjan desember 2012 sagði Seltjarnarnesbær sig frá samningnum þar sem ekki náðist samkomulag við mennta- og menningarmálaráðuneyti um aukin framlög ríkissjóðs til verkefnisins. Meirihluti bæjarstjórnar taldi forsendur samningsins



Húsið sem byggt var yfir Lækningaminjasafnið á lóð Nesstofu stendur autt og ónotað og framtíð þess er óljós.

brostnar, einkum vegna þess að heildarkostnaður við safnbygginguna hefði farið langt fram úr áætlun. Hann var þá áætlaður um 700 milljónir króna eða tvöfalt meiri en upphaflega var gert ráð fyrir. Einnig taldi meirihlutinn að rekstrarkostnaður safnsins hefði verið vanáætlaður í upphafi og að hlutdeild sín í honum væri of mikil. Að svo komnu máli lagði bæjarstjórn safnið niður og afhenti Þjóðminjasafni Íslands þá muni sem það hafði varðveitt. Bæjarfulltrúar Neslista og Samfylkingar lögðu aftur á móti til að fara þess á leit við ríkið að samningurinn um safnið yrði framlengdur um eitt ár á meðan kannaðir yrðu möguleikar á nýjum samningi sem falið gæti í sér breytt hlutverk safnsins og nýja tímaáætlun. Ekkert liggur fyrir um framtíð hússins eða hver nýting þess mun verða í framtíðinni.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími
511 1188



rafmagn@mi.is

Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

Nesbíúinn



Það eru greinilega margar sterkar konur á Nesinu!

17

JÚNÍ

Í BAKKAGARÐI



Athugið að Suðurströnd verður lokað fyrir allri bílaumferð, nema strætó, frá Steinavör að Bakkavör frá kl. 13-16.

Kl. 10-12 Bátasigling

Kl. 11.00 Hátíðarguðsþjónusta í Seltjarnarneskirkju

Kl. 13.00 Skrúðganga frá Mýrarhúsaskóla og gengið eftir Skólabraut í Bakkagarð

Bakkagarður 13.15 - 16.00

Kynnir Kenneth Máni

Hátíðarræða formanns menningarnefndar

Ávarp fjallkonunnar

Jóhann Helgason syngur Seltjarnarneslagið með kór undir stjórn Ingu Bjargar Stefánsdóttur

Ameríska kraftakonan **Mama Lou** hnyklar vöðvana

Ungu raddirnar í **Meistara Jakob** syngja vinsæl lög


Grallarinn **Lína langsokkur** skemmtir með leik og söng

Vonarstjarnan og sigurvegarinn í Samfés 2015, **Jóhanna Ruth Luna Jose**, syngur þekkt lög

Tónlistartriði með **Ívari Þóri** og **Magnúsi Hafdal** sem slógu í gegn í Ísland got Talent

Hinir sívinsælu **Gunni** og **Felix** fara á kostum með vinsælum lögum, m.a. úr Bakaraofninum

kl. 16.00 Kaffihlaðborð í Félagsheimilinu



FRITT!

Vatnaboltar

Hestateyming fyrir alla aldurshópa

Loftboltar

FRÍTT Í ÖLL TÆKIN Á SVÆÐINU!

Risarennibraut fyrir þá sem þora **Trampólín fyrir alla**

Fljúgandi diskur fyrir yngstu gestina

Andlitsmálun með flottum litum og myndum

Candy Flos · Blöðrur · Fánar Pylsur · Glingur og góðgæti



SELTJARNARNESBÆR



Öll rúnstykkki á

80 kr.

Bergstaðastræti 13 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - www.bernhofsbakari.is



Þessa dagana er verið er að hanna hjólastíg við hlið göngustígar á Norðurströnd og áætlað er að hefja framkvæmdir í sumar.

Sumarframkvæmdirnar ganga vel

Hellulagðar verða gangstéttar á tveimur til þremur götum á Seltjarnarnesi í sumar. Þessa dagana er verið er að hanna hjólastíg við hlið göngustígar á Norðurströnd og áætlað er að hefja framkvæmdir í sumar.

Af öðrum sumarframkvæmdum má segja að búið er að malbika Unnarbraut og stóran hluta sundlaugarplans, ásamt ýmsum smærri malbikunarframkvæmdum. Áfram verður haldið í malbikunarframkvæmdir í sumar auk þess sem lokið verður við að gera og malbika göngustíga við Nesbala og Hrólfsskálavör. Þá verður unnið að snyrtingu bæjarins eins og undanfarin ár. Þökulagnir verða við Íþróttahúsið og á Valhúsahæð ásamt nokkrum minni verkefnum.

Af fráveituframkvæmdum er það að fréttu að lokið er við hönnun dælustöðvar við Elliða og búið að bjóða steypuvirkið út. Áætlað er að búið verði að ganga frá því í ágúst eða í september. Fyrirhugað er að dælustöð verði tekin í notkun á haustmánuðum. Ýmis viðhaldsverkefni eru einnig á döfni. Má þar nefna endurnýjun salerna í Valhúsaskóla, viðhald á skrifstofum og skólarýmum, viðhald á "kálfi" við Mýrarhúsaskóla og viðhald á sambýli við Sæbraut 2 bæði utanhúss og innan. Einnig verður unnið að viðhaldi á ýmsum öðrum þáttum þar á meðal viðgerðir á girðingum, leikskólum og félagsíbúðum í eigu bæjarins svo nokkuð sé nefnt. Hönnun á hjúkrunarheimilinu er á lokastigi og undirbúningur fyrir verkframkvæmd að hefjast. Að lokum má geta þess að unglíngavinnan er í fullum gangi og að öll þessi verkefni eru á áætlun og ganga vel.

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is



Vala Guðna og Ragnar Bjarnason.

Raggi Bjarna og Vala Guðna á styrktartónleikum

Ragnar Bjarnason og Vala Guðna voru gestasöngvarar á Styrktartónleikum sem voru haldnir í Félagsheimili Seltjarnarness 3. júní.

Einnig söng kór eldri borgara eða Gömlu meistarnir ásamt Litlu

snillingunum og Meistara Jakob undir frábærri stjórn Ingu Bjargar Stefánsdóttur. Fleiri tónlistarmenn komu fram og var skemmtun öllum til mikils sóma. Allt söfnunarfé rann til sumarþúða fatlaðra í Reykjadal.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stýðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðskipti

Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðuskípti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheirnsun á bil.



Mössun / snyrting á lakki

Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkþjónusta

Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun

Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bön ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / áklæði

Tökum að öksur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.




Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slifflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



Aukakílóin og preytuna burt!



Ekki lyst á morgunmat? Brauð og kex síðdegis?
Tómstundaát á kvöldin og aukakíló?

Ef þetta er lýsing á þér þá er heilbrigð og orkugefandi lífstílsbreyting lausnin.



Á hverjum degi
SEX tegundir af
lífrænu grænmeti

Ultimate Veggies grænmetisduft er millimáltíð beint úr matjurtagarðinum. Mettar þægilega, grennir þig og er stúttfullt af næringarefnum sem þú þarfnast daglega. Ríkuleg neysla grænmetis kemur á insúlínjafnvægi og eykur fitubrennslu líkamans á náttúrulegan hátt. Gefur orku og vellíðan. Lengsta og besta blóðsykursjöfnun sem völ er á kemur úr grænmeti. Næringarefnin fara beinustu leið út í líkamann og löngun í „drasmat“ hverfur. Orka og skýrleiki tekur við.

Frábært í 5:2 kúrinn!

Bragðgott í safu eða vatni. 1 kúfuð teskeið.
Fæða fyrir alla aldurshópa.
40 millimáltíðir.



Sverrir Björn Þráinsson

Viðurkenndur grenningarráðgjafi og pistlahöfundur.
Sporthúsinu, Kópavogi

”

Það hefur sannast hjá mínum viðskiptavinum og sjálfum mér að með notkun LifeStream Ultimate Veggies sem millimál næst meira jafnvægi á blóðsykurinn. Mun auðveldara reynist að stjórna fæðuvali sem eftir lifir dags. Handhægt til inntöku og hægt að njóta hvar og hvenær sem er. Með einni skeið færðu næringaríkan dagskammt af öllu því grænmeti sem þú borðar sjaldnast. Ég mæli hiklaust með LifeStream Ultimate Veggies ef þú vilt ná betra jafnvægi, líðan og grennast um leið.“

12
HITAEININGAR
Í TESKEIÐ

INNIHALD:
25% brokkolí
25% rauðrófur
25% spínat
5% steinselja,
10% rauðkál,
10% gulrætur

Engin fylliefni, GMO frítt

Fæst í apótekum,
heilsubúðum, Krónunni,
Grænni heilsu, Nettó og
Melabúðinni
Umboð: Celsus

 **lifestream**
náttúruleg uppspretta bætiefna



Sótt um styrk til Nordic Built vegna Eiðistorgs

Seltjarnarnesbær hefur leitað til Nordic Built sem er norrænn sjóður sem styrkir hugmyndasamkeppni og deiliskipulagsvinnu fyrir miðborgir og bæi um styrkveitingu vegna skipulags miðbæjar á Eiðistorgi á Seltjarnarnesi.

Stefán Gunnar Thors umhverfishagfræðingur frá VSÓ kynnti umsóknina til Nordic Built til að styrkja nálgun verkefnis. Skipulags- og umferðarnefnd samþykktu drög að umsókninni og bæjarstjórn samþykkti síðan afgreiðslu skipulags- og umferðarnefndar.

Geymið auglýsinguna

Parket

Er þinn parketmaður í APV

Sérgrein mín í 30 ár

Parketlagn - parketslipun og viðgerðir

Okkar þjónusta, þinn ávinningur.
Förum hvert á land sem er.
Skoðum og metum og margt fleira.
Leitið betri tilboða - Vertu í góðum málum

3M ÞEGAR GÆÐIN SKIPTA MÁLI 3M

Falleg gólf ehf. • gólfslipun@simnet.is • sími: 561 4207 • GSM: 898 1107

Hvernig var læknað á 18. öld

... áhugaverð sýning í Nesstofu

Í Nesstofu við Seltjörn stendur nú yfir áhugaverð sýning á vegum Þjóðminjasafns Íslands í samstarfi við Seltjarnarnesbæ. Á sýningunni má meðal annars fræðast um byggingu hússins og þá starfsemi sem þar var upphaflega. Húsið var sérstaklega byggt sem embættisbústaður fyrsta landlæknis Íslands, Bjarna Pálssonar. Í húsinu fékk fólk lækniþjónustu auk þess sem lyf voru bæði búin til og seld á staðnum. Bjarni bjó í húsinu ásamt fjölskyldu sinni, auk lyfjafræðings og fjölskyldu hans, ljósmóður, læknanema, apótekaradregja og sjúklunga. Það var því margt um manninn og mikið um að vera í Nesstofu þegar landlæknisembættið var þar til húsa.

Nesfréttir höfðu samband við Steinunni Guðmundardóttur, safnakennara Þjóðminjasafns Íslands og spurði hvort sýningin væri áhugaverð fyrir börn og unglunga nú þegar sumarfríin eru fram undan. „Svo sannarlega“, svaraði Steinunn að bragði, „sýningin er mjög áhugaverð fyrir börn og unglunga, sem og raunar gesti á öllum aldri. Það mætti t.d. nefna að í húsinu eru til sýnis ýmis gömul lækningatæki sem geta vakið furðu en þau eru mjög ólík þeim tækjum og tólum sem lækna nota nú til dags til þess að sinna sjúklungum sínum. Einnig er til sýnis í húsinu svokallaður „furðuskápur“ en þar má finna ýmsa hluti sem upplýsingaraldarmenn sönkuðu gjarnan að sér á ferðalögum. Þar má t.d. sjá sull úr sullaveikum manni. Þess má einnig geta að í Nesstofu var starfrækt heilt apótek sem gaman er að skoða



en það hefur verið endurgert að upprunalegri mynd. Lyfin sem voru afgreidd í apótekinu voru búin til á staðnum úr jurtum sem ræktaðar voru í urtagarði sem stendur fyrir utan húsið en um hann er einnig hægt að ganga.“

Hvar sváfu allir í Nesstofu

Steinunn bendir á að þó það séu margir áhugaverðir gripir til sýnis í Nesstofu sé það ekki síður húsið, saga þess og umhverfi sem sé áhugavert. „Við höfum látið útbúa fræðslufni fyrir börn og unglunga þar sem þau eru hvött til þess að ganga um húsið og ímynda sér hvernig lífið var hjá fólkinu sem bjó í Nesi á 18. öld. Hvernig var t.d. að alast upp í húsi sem var líka spítali, apótek og lyfjaverksmiðja? Hvernig var að búa á svona fjölmennu heimili og hvar sváfu allir sem þarna bjuggu? Þetta eru meðal þeirra spurninga sem við hvetjum börnin til að velta fyrir sér þegar þau skoða sig um í Nesstofu.“ Fræðsluverkefni geta allir nálgast í Nesstofu og eru frístundahópar sérstaklega hvattir til þess að nýta sér sýninguna í sumar en hún er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 13 til 17. Ekki er nauðsynlegt að bóka heimsóknina sérstaklega.

SUMAR ER SANGRÍA

KOMDU Á TABASBARINN OG SMAKKAÐU Á SUMRINU

Ísköld og svalandi Sangríameð ferskum ávöxtum, SOLAZ rauðvíni, appelsínusafa og blöndu af sterku áfengi og líkjörum.

Glas 1.790 KR.

LÁTTU ÞAÐ EFTIR ÞÉR, VERTU FRJÁLS, NJÓTTU LÍFSINS.

Tapas
RESTAURANT - BAR
Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík
Sími 551 2344 | www.tapas.is

Fjölbreytt þjóðhátíðardagskrá á Nesinu

Dagskrá þjóðhátíðardagsins á Seltjarnarnesi verður fjölbreytt. Hápunktur hátíðarhaldanna verður í Bakkagarði við Suðurströnd þar sem þjóðþekktir einstaklingar stiga á svið með Kenneth Mána í broddi fylkingar. Hátíðin hefst kl. 10 að morgni. Þá býður Siglingafélagið Sigurfari og Björgunarsveitin Ársæll börnum upp á bátsferðir frá smábátahöfninni við Bakkavör. Börn verða að vera í fylgd með fullorðnum en siglingar eru þó háðar veðri og vindum.

Kl. 11 verður messað í Seltjarnarneskirkju þar sem sr. Bjarni Þór Bjarnason þjónar fyrir altari. Organisti verður Friðrik Vignir Stefánsson. Gunnar Kvaran leikur á selló og Elísabet Waage á hörpu. Guðmundur Snorrason flytur hugleiðingu, en félagar í Rótaryklúbbsi Seltjarnarness taka þátt í guðsþjónustunni. Kaffihlaðborð verður að athöfn lokinni. Lúðrasveit Tónlistarskóla Seltjarnarness leiðir skrúðgöngu sem hefst kl. 13 frá Mýrarhúsaskóla og



Kenneth Máni mætir á svæðið.

fer sem leið liggur að Valhúsaskóla og niður í Bakkagarð.

Formaður menningarnefndar, Katrín Pálsdóttir flytur hátíðar-ræðu og Fjallkonan ávarpar gesti. Söngvarinn þjóðkunnir, Jóhann Helgason, syngur Seltjarnarneslagið með kór undir stjórn Ingu Bjargar Stefánsdóttur. Ameríska kraftakonan Mama Lou



Hinir sívinsælu Gunni og Felix bregða á leik.

sýnir ævintýralegar aflraunir og söngvararnir í Meistara Jakob gleðja gesti með tónlist sinni. Grallarinn Lína Langsokkur skemmtir með leik og söng og helsta vonarstjarna landsins, Jóhanna Ruth Luna Jose, sigurvegari Samfés 2015 kemur fram. Tónlistardúóíð Ívar Þórir og Magnús Hafdal slógu eftirminnilega í gegn í Ísland got Talent og gefa ekkert eftir á sviðinu í Bakkagarði. Þá eru ónefndir hinir sívinsælu Gunni og Felix sem fara á kostum með



Grallarinn Lína Langsokkur skemmtir með leik og söng.

vinsælum lögum, m.a. úr Bakaraof-ninum. Í garðinum verða sölutjöld þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi hvað varðar mat og drykk eða hefðbundið 17. júní dót. Að loknum hátíðarhöldum í Bakkagarði eru Seltirningar hvattir til að fjölmenna í kaffihlaðborð Sóroptimista á Seltjarnarnesi sem hefst kl. 16:00 í Félagsheimilinu.



Systrasamlagið 2ja ára:
20% afsláttur
af gæðum til 21. júní!



Alvöru MORGUNDJAMM, engin eftirköst!

FRÍTT ENGIFERSKOT fylgir öllum þeytingum og söfum Systrasamlagsins, alla morgna fram að sumarsólstöðum.



SVEITA- SAMFLOT Á FLÚÐUM

Systrasamlagið & Float kynna fyrsta Sveita-Samflot sumarsins í Gömlu lauginni á Flúðum lau. 27. júní frá. kl. 22 – 24. Verð: 6.500 kr. / 5000 kr. fyrir Flothettueigendur. Innifalið: Aðgangur, flothetta, upphitun og næring. Skráning og greiðsla í Systrasamlaginu til 26. júní, í síma 5113767 eða skilaboð á facebook.com/systrasamlagid



EKTA lífræn ILMVÖTN sem gefa!

Frönsk ilmavötn sem hafa vakið mikla athygli. Innihalda m.a. blómadropa hins þekktu lækis Dr. Bach sem fangar það dýpsta og fegursta í hverri jurtt.



Definitely worth a visit!
- Grapevine apríl 2015

Við FÖGNUM með
20% AFMÆLISAFSLÆTTI
af eftirtöldum vörum:

Prancing Leopard jógafraknaði
Manduka jógaðyllum
Sóley Organics snyrtivörum
Dr. Bach ilmavötnum
Flothettum og fótafli
Benecos snyrtivörum
Viridian vítamínnum og bætiefnum

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Virkir dagar 8:30 - 18
Laugardagar 10 - 16
Sunnudagar í sumar 11 - 15

Viðtal við Brynjólf Halldórsson

Nálægðin einn af kostunum

Brynjólfur Halldórsson skipstjóri spjallar við Nesfréttir að þessu sinni. Hann hélt ungur til sjós og var stýrimaður og síðar skipstjóri á aflaskipum síðast hjá Ögurvík. Brynjólfur man tímuna tvenna á miðunum. Upplifði allar helstu breytingar og framfarir sem hafa orðið við fiskveiðar á undangenginni hálfri öld og einnig þær hættur sem á hafinu leynast og nálægð við erfiða atburði. Brynjólfur hefur búið á Seltjarnarnesi frá árinu 1968 og segir að konan sín hafi byggt tvisvar yfir fjölskylduna við Látraströndina.

„Ég er uppalin í Laugarnesinu. Foreldrar mínir bjuggu við Laugarnesveginn sem þá var eina gatan í hverfinu. Svo kom Hrístateigurinn og þangað voru flutt hús sem staðið höfðu á flugvallarsvæðinu og þegar þurfti að rýma til þar voru þau flutt í Laugarnesið. Ég flutti fyrst á Seltjarnarnes 1968 en hafði kynnst því nokkuð áður þar sem systir mín átti heima við gömlu Skólbrautina sem nú heitir Valhúsbraut. Fyrstu kynni mín af Seltjarnarnesi leiddu nú ekki beinlínis til þess að hugur minn stæði til að flytjast þangað og sagði einhverju sinni við systur mína að ég tryði ekki að þau ætluðu að flytja á þennan rokrass.“

Fékk forsetabréf til að giftast

Brynjólfur stofnaði snemma sitt eigið heimili og leið hans lá í vestur. Fyrst í Vesturbæinni í Reykjavík en síðar á Seltjarnarnes. „Já – ég gifti mig ungur. Var ekki orðinn 21 árs eins og tilskilið var í lögum og varð því að fá forsetabréf til þess að mega gifta mig en konur máttu þá giftast 18 ára en karlar 21 árs. Ég man að þegar ég fór upp í Garðastræti til séra Þorsteins Björnssonar Frikirkjuprests þeirra erinda að fá hann til þess að gifta okkur að þegar hann leit á dagsetningarnar sagðist hann ekki geta framkvæmt giftingarathöfnina því ég væri of ungur. Þetta leystist þó. Ég fór niður í dómsmálaráðuneyti og fékk umrætt bréf og séra Þorsteinn gifti okkar síðan. Konan mín heitir Jóhanna Sigurðardóttir og er ættuð af Brávallagötunni í Vesturbænum. Fyrsta heimili okkar var á Tómasarhaganum í Vesturbænum og við vorum þar þangað til við fórum á Látraströndina. Fjölskyldan stækkaði líka smám saman því við eignuðumst þrjú börn. Ég vandist norðangarranum og við byggðum líka þannig að hafa skjól fyrir hafáttinni. Svo kom sér vel fyrir mig að af Nesinu var stutt á bryggjuna.“



Á myndinni eru Brynjólfur og Jóhanna ásamt barnabörnum sínum. Efri röð: Gunnar Sigursson, Jón Kári Gunnarsson, Jóhanna Sigríður Sveinsdóttir, Pálmi Sveinsson, Brynjólfur Sigurðsson og Snorri Sigurðsson. Neðri röð: Helena Toft, Jóhanna Sigríður Sigurðardóttir, Daníel Toft og Brynjólfur Halldórsson.

Sjóveikli og aftaka verður

En að sjónum og sjómenskunni. Brynjólfur segist oft hafa hugsað til þess af hverju hann varð sjómaður og skipstjóri því hann hafi þjáðst svo af sjóveikli að til vandræða hafi horft. „Ég held að íslenski þráinn hafi valdið því að ég hét áfram eftir fyrstu sjóferðina. Ég fór fyrst á sjóinn á Heimakletti sem skráður var í Vestmannaeyjum og var þá 16 ára gamall. Við fórum á lúðu og vorum sex daga í túrnum. Ég var að beita í beitingarskýlinu og var svo sjóveikur að ég ældi ofan í balann. Og þegar við vorum að borða var ég látin sitja næst dyrunum vegna þess að ég var oft að hlaupa út á borðstokk til þess að æla. Karlarnir sögðu að ég yrði að borða jafnvel þótt ég skilaði því mestöllu upp aftur sökum sjóveikinnar. Á heimleiðinni úr lúðutúrnum bættist önnur lífsreynsla við sem hefði átt að draga kjarkinn úr mér strákingnum því við lentum í páskahreti. Við fengum afspyrnu vont veður og meðal annars brotnuðu rúður í brúnni. Þetta eru fyrstu kynni mín af því sem síðan var ævistarfið.“

Hörmung að sjá Portúgalana

„Sjóveikin eltist þó af mér alla vega að mestu. Ég hef þó fundið fyrir henni svona öðru hvoru. Sumarið eftir lúðuveiðarnar á Heimakletti fór ég á Grænlandsmið. Við vorum við Vestur Grænland og þar voru Portúgalar að

veiðum á þeim tíma. Þeir bjuggu við mjög frumstæða veiðitækni. Höfðu ekkert annað en handfæri og hver sjómaður var settur út í litinn bát sem voru kallaðir doríur þar sem hann renndi færinu fyrir borð í von um að biti á öngulinn. Okkur fannst hrein hörmung að sjá þetta. Afköstin voru lítil og aðbúnaðurinn hræðilegur. Ef þoka skall á þeyttu Portúgölsku skipstjórnarnir skipsflauturnar og þá gátu sjómennirnir róið á hljóði og fundið möðurskipið. Næðu þeir ekki að finna skipið gat voðinn verið vís. Við gáfum þeim stundum vettlinga því þeir voru oft berhentir og blautir með færin í höndunum.“ Brynjólfur segir að gegndarlaus ofveiði hafi átt sér stað á þessum tíma. „Þegar maður lítur til baka hryllir mann við hvernig staðið var þessu. Skársti fiskurinn var hirtur, sá sem passaði fyrir markaðinn en hitt fór allt til baka í sjóinn.“

Á Nýfundnalandsmiðum 1959

Brynjólfur starfaði hjá útgerð Tryggva Ófeigssonar sem var athafnamaður í sjávarútvegi fram eftir síðustu öld eða allt til þess að skuttogararnir tóku við af síðutogurunum. Ég fór á Marsinn haustið 1954 sem var einn togara Tryggva og starfaði á togurum hans þar til að hann hætti útvegsstarfsemi. Það sem minnisstæðast er frá þeim árum er að í febrúar 1959 lentum við í aftaka verði á Nýfundnalandsmiðum.

Hvassviðrið náði 12 vindstigum þegar mest var eins og vindur var mældur þá og allt yfir 10 vindstig var skilgreint sem rok og 12 vindstig oft nefnt fárviðri. Í þessum vindhraða getur allt lauslegt fokið og skyggni er oftast takmarkað, jafnvel í þurru veðri. Við vorum að taka fyrsta halið um borð um kvöld þegar spáð var vitlausu veðri. Loftvogin hékk beint niður sem gaf til kynna að mjög djúp lægð væri á leiðinni. Svo byrjaði að hvesa og við drógum trollið inn með hraði og gerðum allt klárt til þess að lóna upp í vindáttina. Frostið var um átta gráður og sjórinn um mínus ein gráða. Þegar fór að gefa á fraus sjórinn næstum um leið utan á skipinu og varð að klaka sem hlóðust upp. Ég var á vakt í brúnni um nóttina og lónaði allan tímann upp í veðrið. Ég hélt einum brúarglugga opnum til að geta fylgst með að utan en hinir voru frosnir. Um átta leitið var mannskapurinn ræstur og þá fóru loftskeytamennirnir að kallast á til að afla fréttu hvorir af öðrum. Og þá kom í ljós að eitt skipið svaraði ekki köllum. Það var togarinn Júlí frá Hafnarfirði. Við heyrðum aldrei neitt frá honum og líkast til hefur hann verið kominn niður þarna um morguninn. Síðast mun hafa spurst til Júlí deginum áður að togarinn Austfirðingur taldi sig hafa heyrt til skipsins og virtist þá ekkert að um borð. Skömmu eftir að fárviðrið skall á sást til skipsins af togaranum Júní og er það hið síðasta sem til togarans hefur sést. Hann var



Þessi mynd er tekin af áhafnar meðlim á skipstjórnararum Brynjólfs og sýnir hvernig ágjöfin gat gengið yfir skipin þegar hvasst var. Sjómennirnir vöndust þessu sem hluta af daglegu lífi um borð.

á síðasta tíma í túrnum og orðinn hlaðinn og þyngri fyrir vikið. Hann hefur trúlega ekki staðist álagið og snúist og sokkið þótt aldrei hafi verið hægt að fullyrða neitt um það vegna þess að til hans spurðist aldrei. Á þessu augnabliki var ljóst að togarinn Þorkell Máni var kominn í vandræði. Mikill ís hafði hlaðið á skipið og um 45 gráðu halli kominn á það. Til að bregðast við þessu og að bjarga skipinu fór vélstjórinn með logsuðutæki út og brenndi báða björgunarbátana af til þess að létta skipið en þeir voru ekkert annað en stórir ískögglar. Við ræstum allan mannskapinn út og eins var gert á öðrum skipum á svæðinu sem eins var ástatt um og fórum að berja klakann. Til þess voru öll verkfæri notuð sem finnanleg voru um borð. Sleggjur axir og annað og þessar barsmíðar stóðu samfleytt í tvo sólarhringa. Það tókst að bjarga hinum skipunum og einnig Þorkelli Mána sem var fylgt heim en endalok Júlí og áhafnar hans sátu föst í mörgum. Þarna fórust 30 manns. Hinum tókst að snúa undan þegar aðeins fór að lægja og komast í hlýrri sjó. Við það minnkaði hættan á Ísingunni eða hún varð minni. En þetta voru ekki einu slysfarirnar í febrúar þetta ár því vitaskipið Hermóður fórst skömmu síðar eða þann 18. febrúar við Stafnes undan Reykjanesi og með honum 12 manns á aldrinum 16 til 65 ára. Þar misstu fimm konur eiginmenn sína og 17 börn sáu föður sinn ekki framar. Þetta voru því tvö þung högg á skömmum tíma og upp úr því var lífeyrissjóður sjómanna settur á stofn.“

Sátum uppi með fyllibytturnar

Eftir árin hjá Tryggva var Brynjólfur um tíma stýrimaður hjá Arinbirni á Sigurði VE sem var í eigu Einars Sigurðssonar í Vestmannaeyjum sem stundum var kallaður Einar ríki. Sigurður var þá síðutogari en var síðar breytt í nótaskip til veiða á uppsjárvarfski.

„Sigurður VE var feikilega gott skip og ég man hvað hann var öflugur þegar við vorum að fara í gegnum íssþangir við Austur Grænland. Ég var líka skipstjóri á togaranum Geir sem gerður var út af Síldar og fiskimjölsverksmiðjunni um tíma. Þetta var á síldarárunum og þá var oft erfitt að manna skipin. Allur betri mannskapur sótti í síldina þar sem von gat verið á uppgripum en við togaraskipstjórnarnir sátum uppi með það sem ég get kallað fyllibyttur. Þegar halda átti út byrjaði maður oft á Skeifunni þar sem Hamborgarabúlla Tómasar er nú og var kaffistaður við höfnina ég hélt síðan niður í Hafnarstræti til þess að tína áhöfnina saman. Flestir voru blindfullir og stundum var siglt vestur undir Jökul og beðið þar meðan rann af mannskapnum. Oft gátu þetta verið ágætis sjómenn þegar þeir voru komnir í lag en á þessum árum gat maður alveg sleppt því að byrja að veiða fyrstu átta tímana eftir að landfestarnar voru lestar. Eftir að síldin hvarf breyttist þetta og auðveldara var að ná í góðan mannskap. Síðar taldist til tilviljunar ef áhafnar meðlimur kom fullur um borð.“

Norðmennirnir voru aftan í okkur í Barentshafinu

Svo hófst skuttogaraöldin,“ heldur Brynjólfur áfram. „Ég fór til Ögurvíkur 1972 á Ögra sem var þá nýr skutogari smíðaður í Póllandi. Það komu nokkrir togarar sem voru smíðaðir þar og gengu jafnan undir nafninu „pólsku togararnir“ vegna þess hvaða þeir voru upprunnir. Þetta voru góð skip og með skuttogurunum breyttist margt um borð – bæði aðbúnaður og vinnuadstaðan. Einn gamall draugur birtist þó hjá mér við að fara á skuttogara. Það var sjóveikin. Brúin á síðutogurunum var miðskips en á þessum nýju skipum var maður kominn fram á hvalbak. Hreyfingarnar voru öðruvísi og ef vont var í sjóinn kom það meira fram í enda skipsins en í því miðju. Þetta lagaðist þó fljótt og ég átti mjög góð ár hjá Ögurvíkinni. Við vorum á ísfiskveiðum og sigldum með aflann einkum til Þýskalands og sérsaklega til Bremenhafan en einnig til Bretlands.“ Brynjólfur fór líka í Barentshafið og veiddi í Smugunni. „Já ég veiddi í Smugunni. Það eru tímabil sem fiskurinn gengur þarna yfir og þá sóttu skipin þangað. Við bjuggum við að Norðmenn töldu okkur ekki hafa rétt til þess að veiða þarna þótt þeim gengi illa að standa á þeim rétti. Þeir voru alltaf aftan í okkur en ég man að það kom eitt sinn amerískt skip þarna á veiðisvæðið og þeir létu það alveg í friði. En upp úr þessu var svo samið um hvað mætti veiða. Þetta var auðvitað svoltið tímabrek og einnig kostnaðarsöm útgerð vegna þess hversu langt er héðan norður í Barentshafið. Þetta er um sex daga stím hvora leið.“

Með heyrnarskerta í áhöfninni

Eitt af því sem Brynjólfur gerði á skipstjórnararum sínum var að ráða heyrnarskerta einstaklinga um borð. „Já – ég var með heyrnarskerta menn á áhöfninni á Ögra en þeir gátu talað saman með táknmáli. Þetta byrjaði þannig að þegar ég var með Marsinn

þá komu tveir heyrnarlausir drengir um borð og voru settir á mína vakt. Ég vildi láta reyna á þetta og þetta voru ágætis einstaklingar. En svo fór að bátsmaðurinn treysti sér ekki til þess að vinna með þeim þótt skipstjórinn gerði það. Því fór svo að ég varð að láta þá fara frá borði. Að segja drengjunum upp eru einhver þyngstu spor sem ég hef þurft að stíga á sjómennsku- og skipstjórnarferlinum. En svo gerist það að þegar ég var með Ögra þá komu þeir um borð til mín og spurðu um hvort þeir gætu fengið pláss. Ég tók þeim fagnandi og það þróaðist samskiptamál á milli okkar. Þegar kallkerfið bilaði og maður varð sambandslaus við dekkið var brugðið á það ráð að nota skipsflautuna og þótt þeir hefðu nánast enga heyrn náðu þeir að merkja hana. Svo gerist það að þeir áttu féлага sem eins var ástatt um. Voru líka heyrnarskertir eða heyrnarlausir. Þessir strákar voru að fylgja þeim niður á bryggju þegar þeir voru að fara um borð. Þetta þróaðist með þeim hætti að þeir sýndu áhuga á að fá að prufa að koma í skiprúm og það fór þannig að um tíma var ég með fimm heyrnarskerta eða heyrnarlausa einstaklinga í áhöfninni en gætti þess alltaf að hafa þá á sömu vaktinni vegna þess að þeir gátu tjáð sig saman á táknmáli. Ég man eftir einu dálítið sérstöku atviki á þeirra vakt. Ég veitti því athygli að allt í einu var enginn fugl var á eftir skipinu sem þýddi að ekki var verið að vinna að aðgerðinni. Ég fór því að aðgæta hvað ylli og þegar ég kom niður sá ég þeir heyrnarlausu sem voru á vaktinni höfðu slíðrað hnífana en voru komnir í hörkurifriðli. Allt fór það fram á táknmáli svo það var mikill handgangur. Ég komst aldrei að því hvert ágreiningsmálið var en þetta jafnaði sig fljótt og strákarnir héldu aftur til starfa eins og ekkert hefði í skorist. Ég náði góðu sambandi við þá með merkjamáli sem við bjuggum okkur til en stundum varð maður að sýna nokkra þolinmæði. En þetta voru allt ágætir strákar.“

Nálægðin einn af kostunum

En aftur heim á Nesið. Brynjólfur segir að þrátt fyrir ótta af rokinu í byrjun hafi verið mjög gott að búa á Seltjarnarnesi. „Lífið þróaðist svipað og hjá öðrum sem störfuðu á sjónum og voru löngum stundum að heiman. Ég var heppin að því leyti að ég er ákaflega vel giftur og konan annaðist um verkefni í landi af kostgæfni þótt hún ynni úti reyndar oftast hálfan daginn með allri umsjón með fjölskyldunni. Ég segi stundum til gamans að hún hafi byggt þrisvar yfir okkur og í tvö skiptin á Seltjarnarnesi. Fyrst raðhúsið við Látraströndina og síðar fengum við lóð innar við götuna þar sem við eða hún byggði einbylshúsið. Hún þurfti oft að annast um verkstjórn og sjá um bankamál. Það var hún sem sló víxlana því þeir voru algengasta lánaformið á þeim tíma sem við vorum að byggja. Þetta var það líf sem sjómennskonur bjuggu við í gegnum árin og stóðu sig ábyggilega flestar mjög vel. Það hjálpaði líka til hversu nálægðin á Neginu er mikil. Stutt í skólann og í alla starfsemi fyrir krakkana. Það þurftu ekkert að eyða tíma í skutl. Þau hlupu bara á milli. Ég held að nálægðin sé einn af kostunum við að búa á Seltjarnarnesi.“

18 ára reynsla og
þekking í sölu fasteigna

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111



Félagsstarf eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi

Handverkssýning eldri bæjarbúa opnaði á degi eldri borgara 14. maí s.l. sem jafnframt er uppstigningardagur. Sýningin stóð yfir í 3 daga og var sérstaklega vel sótt enda sýningin einstaklega fjölbreytt og flott. Þátttakendur handavinnu, leir og listasmíðju, gler og glerbræðslu ásamt timburmönnum og aðilum í bókbandsnámskeiði tóku þátt í sýningunni, ásamt því að boðið var upp á handunnin söluvarning, kaffi og vöfflusölu.

Þriðjudaginn 19. maí var farin „óvissuferð“ sem félagsstarfið og kirkjan stóðu að í sameiningu. Farið var suður með sjó að Ásbrú en það kallast gamla varnarliðssvæðið í dag. Boðið var upp á leiðsögn um svæðið, íbúð kanans skoðuð og komið við í frumkvöðlasetrinu Eldey þar sem frumkvöðlar hafa komið upp vinnustofum til framleiðslu á ýmskonar varningi sem boðinn er til sölu. Eftir heimsóknina á Völlinn fórum við í Duushús, snæddum hádegisverð og skoðuðum þar margskonar list og menningu sem í boði er uppá í þessum gamla kjarna.

Næstu vikurnar tekur dagskráin nokkrum breytingum eins og alltaf yfir sumartímann. Ungu fólkið frá Unglingaráði og bæjarvinnu Seltjarnarness tekur yfir í júní og júlí.

Helstu dagskrárlíðir í júní:

Tölvunámskeið í tölvuveri Mýrarhúsaskóla alla morgna kl. 10.00 – 12.00.

Jóga á Skólalbraut alla mánudaga og fimmtudaga kl. 11.00.

Skemmtiganga frá Skólalbraut alla mánudaga og miðvikudaga kl. 13.30.

Vatnsleikfimi mán. og mið. kl. 18.30 og þriðjud. og fimmtud. kl. 07.30.

Bíngó á Skólalbraut kl. 13.30 þriðjudagana 16. júní og 30. júní.

Botsía verður í Gróttusal/eða úti ef víðar þriðjudagana 9. júní og 23. júní kl. 13.30. **Athugið að kaffikrókurinn er alla virka daga kl. 10.30.**

Fylgist með inni á facebook: eldri borgarar á seltjarnarnesi. mbl.is og í blaði Morgunblaðsins og á heimasíðu bæjarins undir (aldraðir og félagslíf). Einnig liggur dagskráin frammi á Skólalbraut og í Eiðismýri.

SUMARFERÐIN 25. JÚNÍ ÞÓRSMÖRK.

Fimmtudaginn 25. júní er komið að hinni árlegu sumarferð félags- og tómstundastarfs eldri bæjarbúa á Nesinu.

Lagt verður upp frá Skólalbraut kl. 8.30. Í fyrsta áfanga verður keyrt sem leið liggur austur á Hvolsvöll þar sem hægt verður að fara á salerni og teygja aðeins úr sér. Síðan liggur leiðin áfram inn í Þórsmörk. Þar ætlum við að stoppa í góðan tíma, fá okkur hressingu og þeir sem vilja geta gengið aðeins um og fræðst um svæðið, þar nýtum við okkur aðstöðu á staðnum hvort heldur innan eða utan dyra. Þegar allir eru tilbúnir að yfirgefa Þórsmörkina höldum við til baka og kirkjum aðeins á Seljalandsfoss. Þaðan liggur leiðin í Skíðaskálanum í Hveradölum þar sem við ætlum að borða saman kvöldverð og njóta samverunnar áður en okkur verður skilað heim.

Eins og vaninn er þá þurfum við alltaf að hafa smá fyrirhyggju varðandi veðrið, vera vel skóuð og með góðan hlýðarfátnað.

Fararstjórinn okkar Kristján M. Baldursson þekkir Þórsmörkina eins og lófana á sér

Síðasti skráningardagur 19. Júní.

Verð kr. 14.500.-

Inniíalið í verðinu: Rútan, fararstjórinn, aðgangseyrir Þórsmörk, hádegishressing, og kvöldverður í Skíðaskálanum (forréttur, aðalréttur og kaffi).

UMHVERFISHORNIÐ

Viðurkenningar

Þann 5. júní sl. fór fram útskrift nema í 10. bekk Valhúsaskóla. Umhverfisnefnd Seltjarnarness veitti þremur útskriftarnemum viðurkenningar að þessu tilefni. Að þessu sinni hlutu þau Úlfur Örn Björnsson, Sólveig Björnsdóttir



og Tristan Ferrua Edwardsson viðurkenningar. Umhverfisnefnd Seltjarnarness óskar þeim innilega til hamingju með frábæran árangur.

Matarsóun

Sannarlega höfum við öll gerst sek um að sóa mat og þegar horft er á eftir matnum ofan í gin ruslatunnurnar lofar maður sjálfum sér að passa upp á að þetta gerist ekki aftur. Það er ekki bara fjárhagslegur ávinningur af því að bjarga matnum sínum frá ruslatunnunni heldur er þetta einnig umhverfislegt mál og varðar samfélagslega ábyrgð. Það er ekki líðandi að á meðan fjöldi fólks í heiminum sveltur þá er einum þriðja af öllum framleiddum matvælum í þessum sama heimi ekið beint á ruslahaugana.



Málið er flókið og margir aðilar sem koma að því og enginn einn getur útrýmt því. Vitundarvakning er nauðsynleg og viljum við finna jákvæðar og skemmtilegar leiðir til að vekja athygli á matarsóun. Nauðsynlegt er að framleiðendur, dreifingaraðilar, söluaðilar, stjórnmálafólk og neytendur taki höndum saman til þess að koma í veg fyrir þetta.

Sorpa skoðar árlega blandaðan úrgang frá heimilum með því að taka sýni úr því sem berst með sorphirðubílum sveitarfélaganna og hlutfall mismunandi efna sem eru í sorpinu er metið. Stærsti hluti blandaða úrgangsins er lífrænn úrgangur eða 70% og er það hlutfall svipað milli ára. Af þessu er eldhúsúrgangur, sem er að mestu leyti matarleifar, í kring um 41% og af því áætlað Sorpa að hver íbúi á höfuðborgarsvæðinu hendi um 73 kg af matarafgöngum eða matvælum í ruslið á ári.

Engar nákvæmari mælingar hafa verið gerðar á matarsóun á Íslandi en Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) áætlað 1,3 milljón tonn af mat fari í ruslið á hverju ári í heiminum. Áætlað er að heimili í iðnvæddum löndum hendi þriðjungi þess matar sem keyptur er inn, en á Íslandi myndi það samsvara því að við hentum mat fyrir 300.000 kr á ári. Á sama tíma er óhugnanlegur fjöldi fólks sem fer svangt að sofa daglega.

Heimildir: Sorpa og Náttúran.is

F.h. umhverfisnefndar,
Margrét Pálsdóttir, formaður.



Útfarar- og lögfræðisþjónusta

Önumst alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi

 <small>Elin Sigrún Jónsdóttir frankæðmasjóni</small>	 <small>Porsteinn Elisson útfararþjónusta</small>	 <small>Snævar Jón Andrésson útfararþjónusta</small>	 <small>Hugrún Jónsdóttir útfararþjóni</small>	 <small>Rósa Kristjánsdóttir útfararþjóni</small>
 <small>Guðmundur Baldursson útfararþjónusta</small>	 <small>Jón G. Bjarnason útfararþjónusta</small>	 <small>Ellert Ingason lögfræðisþjónusta</small>	 <small>Katrín Þorsteinsdóttir lögfræðisþjónusta</small>	 <small>Gestur Hreinsson útfararþjónusta</small>

Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is



Afmælis- og Jónsmessuhátíð á Seltjarnarnesi

Föstudaginn 19. júní kl. 12.45

Seltirningar og nágrannar eru boðnir velkomnir í fróðlega samverustund og gönguferð um Seltjarnarnesið sem Sólveig Pálsdóttir leikkona og rithöfundur stýrir. Í leiðangrinum sameinast hin árvissa Jónsmessuganga Seltirninga og hátíðahöld í tilefni af því að 19. júní 2015 eru 100 ár liðin frá því íslenskar konur fengu fyrst kosningarétt til Alþingis. Dætur munu segja frá mæðrum sínum, sem syntu gegn straumnum í leitinni að jafnrétti og hulunni svipt af óþekktum baráttumálum í nútímasamfélagi. Gangan er í samstarfi við framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

1 Gangan hefst inni í Mýrarhúsaskóla kl. 12.45 með léttum veitingum

Sólveig Pálsdóttir rithöfundur býður gesti velkomna.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri flytur hátíðarræðu.

Valborg Þ. Snævarr hæstaréttarlögmaður – *Leyfir maðurinn þinn þér að vinna úti, frá Valborg?*

Ásdís Skúladóttir leikstjóri – *Vitleysan í henni Önnu Sigurðardóttur.*

Herdís Hallvarðsdóttir tónlistarmaður – *Það vantar spýtu, það vantar sög.*

2 Gamli Mýró & Plútóbrekka

Stiklað á áhugaverðum sögubrotum.

3 Barðaströndin

Þriggja brautryðjenda verður minnst:

Auðar Sigurðardóttur

Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur

Ernu Nielsen

4 Bollasteinn

Listamaðurinn Ólöf Nordal.

Samsöngur og harmonikkuleikur.

5 Félagsheimilið kl. 15

Kvenfélagið Seltjörn á Seltjarnarnesi

býður upp á kleinur og pönnukökur.

Gestur: Siv Friðleifsdóttir

Tónlistarnemar frá Seltjarnarnesi.

Gleðilega hátíð.

Allir bæjarbúar eru boðnir velkomnir!

Nánari dagskrá www.seltjarnarnes.is



SELTJARNARNESBÆR



Nesstofa - Hús og saga -

Ný sýning í Nesstofu sem fjallar um húsið og landlæknisembættið sem stofnað var árið 1760.

Skemmtileg verkefni í boði fyrir fjölskyldur og frístundahópa.

Opið alla daga nema mánudaga
frá 13. júní - 31. ágúst
kl. 13-17,
ókeypis aðgangur.

Nesstofa er hluti af húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.

Nánari upplýsingar:
í síma 595 9100 eða 530 2200
www.thjodminjasafn.is



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland



Afmælis- og Jónsmessuhátíð á Seltjarnarnesi 19. júní

Kvennadagurinn 19. júní og hin árlega Jónsmessuganga á Seltjarnarnesi verða sameinuð að þess sinni. Af því tilefni verða Seltirningar og nágrannar boðnir velkomnir í fróðlega samverustund og gönguferð um Nesið sem Sólveig Pálsdóttir leikkona og rithöfundur stýrir. Gangan er í samstarfi við framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Í tilefni dagsins mun Seltjarnarnesbær loka stofnunum sínum frá kl. 12 á hádegi.

Gangan hefst inni í Mýrarhúsaskóla kl. 12:45 með léttum veitingum. Sólveig Pálsdóttir mun bjóða gesti velkomna og Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri flytja hátíðarræðu. Valborg Þ. Snævarr hæstaréttarlögmaður mun flytja erindi sem hún nefnir Leyfir maðurinn þinn þér að vinna úti frá Valborg? Ásdís Skúladóttir leikstjóri fjallar um það sem hún kallar Vitleysan í Önnu Sigurðardóttur en Anna

var þekktur kvennréttindafrömuður og Herdís Hallvarðsdóttir tónlistarmaður mun flytja ávarp sem hún nefnir Það vantar spýtu, það vantar sög og vitnar þar til texta Ólafs Hauks Símonarsona. Við Gamla Mýró og í Plútóbrennkunni verður stiklað á áhugaverðum sögubrotum.

Konurnar á Barðaströndinni

Á Barðaströndinni mun Sunneva Hafsteinsdóttir rifja upp góðar minningar en móðir hennar Auður Sigurðardóttir var fyrsta konan til að taka þátt í störfum Seltjarnarneshrepps og Guðrún Katrín Þorbergsdóttir fyrrum eiginkona Ólafs Ragnars Grímssonar var fyrst kvenna kjörin í bæjarstjórn Seltjarnarness. Þá verður sagt frá Ernu Nielsen sem einnig bjó á Barðaströnd en hún var fyrsta konan sem gegndi starfi forseta bæjarstjórnar og gegndi því nær samfelt frá 1990 til 2002.

Siv talar um ráðherraárinn

Við Bollastein verður stiklað á stóru um hið merka hús Ráðgerði og listamaðurinn Ólöf Nordal fjallar um verk sitt Bollastein / Kvikun en göngunni lýkur með samsöng í anda Jónsmessunnar sem meðlimir Selkórsins leiða undir harmoníkuleik Friðriks Vignis Stefánssonar. Kvenfélagið Seltjörn býður öllum upp á kleinur og pönnukökur við Félagshemilið kl. 15:00 en kvenfélagið er elsti starfandi félagsskapur á Seltjarnarnesi. Þá mun Siv Friðleifsdóttir fyrrum ráðherra minnst skemmilegra atvika úr ráðherraátíð sinni og ungmenna flytja tónlist úr skapandi sumarstörfum á Seltjarnarnesi. Fyrir framan félagshemilið verða síðan grillaðar pylsur og drykkir í boði fyrir yngstu gestina í boði Hitaveitu Seltjarnarness.

SELTIRNINGAR - VIÐ LEITUM EFTIR ÁLITI ÞÍNU



SELTJARNARNESBÆR

Umhverfisnefnd hefur í fjölda ára veitt viðurkenningar fyrir fagra garða, snyrtilegan frágang lóða, eldri uppgerð hús, götur og opin svæði. Einnig hafa verið veittar viðurkenningar fyrir fögur tré. Allar ábendingar eru vel þegnar og þeir bæjarbúar sem vilja koma ábendingum á framfæri er bent á að senda póst á netfangið postur@seltjarnarnes.is eða hafa samband á þjónustuver bæjarins í síma 595 9100 fyrir 7. júlí 2015.

Með kveðju og þökk,
umhverfisnefnd Seltjarnarness

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188

borgarblod@simnet.is

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



Míla kynnir 100Mb/s tengingar

100 Mb/s um Ljósveitu aðgengileg á Seltjarnarnesi

Míla hefur nú lokið við að uppfæra Ljósveitubúnað sinn í götuskápum á Seltjarnarnesi og þar með hafa heimilin möguleika á allt að 100 Mb/s tengingu með Ljósveitu Mílu. Það svæði sem nú hefur verið uppfært er allt Höfuðborgarsvæðið, Akranes, Hveragerði og Þorlákshöfn. Þar með hafa um 89 þúsund heimili nú möguleika á 100 Mb/s tengingu með Ljósveitu. Til viðbótar hafa um 30 þúsund heimili aðgang að Ljósveitu með allt að 70Mb/s tengingu. Þetta gerir stöðu Íslands gríðarlega sterka í samanburði við önnur lönd.

Í nýrri skýrslu starfshóps innanríkisráðherra „Ísland ljóstengt“ kemur fram það markmið að allir landsmenn skuli hafa aðgang að 100Mb/s tengingu árið 2020. Þingsályktunartillaga um fjarskiptaáætlun sem samþykkt var á Alþingi setur 100Mb/s markið fyrir árið 2022.

Veruleg breyting

Samkvæmt Jóni R. Kristjánssyni framkvæmdastjóra Mílu þá er þetta stór áfangi. Breytingin er veruleg þó að fæstir muni taka eftir henni þar sem notkunarþörf heimila almennt er mun minni en 100 Mb/s. Það endurspeglast í markmiði starfshóps innanríkisráðherra um að þessum áfanga skuli náð 2020. „Engar framkvæmdir fylgja þessari uppfærslu, hvorki í götu, á húsnæði notenda eða löð.

Þessi aukning hefur sömuleiðis ekki áhrif á verð þjónustunnar frá Mílu“ segir Jón. Aðeins þarf að skipta um búnað í götuskápum Mílu og er þeirri aðgerð lokið á ofangreindum svæðum. Langflestir notendur þjónustunnar verða lítið varir við þessa útskiptingu og núverandi þjónusta mun virka áfram. Þjónustuveitendur sjá um að uppfæra eða skipta um endabúnað(router) viðskiptavina.

Míla þjónustar alla

Hingað til hefur umræða um 100Mb/s verið tengd ljósleiðara. Er þá Ljósveita það sama og ljósleiðari? „Ljósveita er bæði ljósleiðari alla leið inn á heimili og ljósleiðari með koparenda þar sem búnaður er notaður til að ná 100Mb/s flutningsgetu. Nýjasta tækni gerir það að verkum að kapalgerð skiptir hér ekki máli.“ segir Jón.

Míla hefur lagt áherslu á að tryggja öllum notendum á ofangreindum svæðum góðan hraða en velur sér ekki ákveðnar götur eða hverfi. Sömuleiðis er vert að benda á að Ljósveita Mílu er opið aðgangsnét fyrir öll fyrirtæki með fjarskiptaleyfi.

Mikilvægur áfangi og trygg framtíð

Nú er mikilvægum áfanga náð en verkefninu er ekki lokið. Þetta hefur verið umfangsmikið verkefni



Jón R. Kristjánsson
framkvæmdastjóri Mílu.

sem hófst árið 2009 með Ljósveituvæðingu sem stendur enn yfir víða um land.

Nú þegar búið er að tryggja allt að 100Mb/s til allra notenda Ljósveitu á ofangreindu svæði, er næsta skref Mílu að tengja ljósleiðara og blása ljósleiðara í fyrirliggjandi rör samhliða þeirri tengingu sem þegar er til staðar. Þetta verkefni er þegar hafið og mun því fylgja lítið jarðrask sem lágmarkar bæði tilkostnað og óþægindi fyrir notendur. Þannig mun Míla tryggja til framtíðar að þegar á þarf að halda verða allir notendur á ofangreindu svæði með tengingu sem uppfyllir þeirra þarfir á hagstæðu verði.



NES FRÉTTIR www.borgarblod.is

Gólfdukur skynsamleg, smekkleg og hagkvæm lausn



Eldhúsið
hjarta heimilisins



Svefnherbergið
þægilegt andrúmsloft



Forstofan
einfaldara verður það ekki



Stofan
alltaf jafn heimilislegt



Baðherbergið
hlýtt og mjúkt undir fæti



Heimilisdúkur, sígild lausn:
-léttur í þrifum -auðveldur í lög -glæsilegt úrval
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

Sérverslun með
gólfduk og teppi

KJARAN

SÍÐUMULA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510



Íslandsmót yngri flokka farin af stað

Í lok maí hófust Íslandsmót yngri flokkanna af fullum krafti en Gróttu teflir fram liðum í öllum flokkum karla og kvenna. Annar flokkur karla byrjaði á því að sigra Aftureldingu og Val en er nú með 7 stig eftir fjóra leiki.

Stelpurnar í 2. flokki Gróttu/KR töpuðu naumlega fyrir HK/Víkingsi í fyrsta leik en stóllur þeirra í 3. flokknum áttu í vök að verjast á móti sterkum liðum ÍA og Stjörnunnar. Jafntefli á móti sameiginlegu liði Fram, Fjölnis og Aftureldingar fylgdi í kjölfarið svo vonandi eru stelpurnar nú komnar á skrið. 4. flokkur kvenna hefur byrjað vel og föstudaginn 5. júní gerðu stelpurnar góða ferð til Vestmannaeyja og unnu Eyjapæjur örugglega, 6-1. Strákarnir í 3. flokki byrjuðu á sigri á móti Grindavík á meðan 4. flokkurinn tapaði



sínum fyrsta leik. Sumarmótin eru svo handan við hornið hjá yngstu flokkunum og færum við fréttir af þeim síðar í sumar. Það er líf og fjör á Vivaldivellinum á hverjum degi og eru Seltirningar hvattir til að vera duglegir að kíkja við á vellinum og fylgjast með framtíðarstjórnnum félagsins, ekki síður en meistaraflokknum sem er nú í harðri baráttu í 1. deildinni.

Knattspyrnuskóli og knattspyrnuakademía Gróttu

Mánudaginn 8. júní hófst hinn margfrægi knattspyrnuskóli Gróttu á Vivaldivellinum á Seltjarnarnesi. Skólinn er fyrir börn fædd 2005-2009 og er frá 09:00-12:00 alla virka morgna. Líf og fjör hefur verið fyrstu dagana og stemningin góð þrátt fyrir veðrið hafi verið misgott.

Fjóra morgna í viku er hin svokallaða knattspyrnuakademía starfrækt á vellinum fyrir krakka fædd 2001-2004. Þar er boðið upp á fótboltaþjálfun sem er að mörgu leyti frábrugðin hefðbundnum æfingum.

Farið í ýmsar þrautakeppnir og þá má búast við góðum



gestum í heimsókn. Pétur Már Harðarson, íþróttafraeðingur og þjálfari hjá Gróttu, er yfirmaður knattspyrnunámskeiðanna í sumar en honum til halds og trausts eru þau Björn Valdimarsson, Pétur Rögnvaldsson og Bjargey Ólafsdóttir.



Fanney Hauksdóttir ásamt Ingimundi Björgvínssyni þjálfara sínum.

Fanney heimsmeistari og heimsmethafi

Fanney Hauksdóttir Gróttu gerði sér lítið fyrir og sigraði á HM unglunga í bekkpressu sem fram fór í Svíþjóð í maí sl. Hún sigraði ekki einungis í sínum flokki (-63 kg) heldur varð hún stigahæst allra á mótinu. Þá náði hún þeim árangri sem er einungis á færi þeirra allra bestu, þ.e. að setja heimsmet í greininni.

Fanney byrjaði á því að reyna við 140 kg sem var töluverð bætning frá fyrra meti hennar. Hún striddi aðeins þjálfara sínum og fjölskyldu heima í stofu þegar sú lyfta var dæmd ógild. Fanney var hins vegar pollróleg enda vissi hún nákvæmlega hvað

hún átti að gera. Í annarri lyftu flugu 140 kílóin upp eins og ekkert væri. Í þriðju og síðustu tilraun bað hún um 145,5 kg á stöngina en um var að ræða nýtt heimsmet unglunga. Sú lyfta var það örugg að það er nánast óhætt að fullyrða að heimsmetið verði bætt innan skamms. Þessi glæsilegi árangur tryggði henni ekki einungis gull í unglungaflokki heldur hefði hann jafnframt tryggt henni silfurverðlaun í opnum flokki, þ.e. í flokki fullorðinna en Fanney er nú í 5. sæti á heimslista IPF í opnum flokki (63 kg) í bekkpressu. Fanney mun næst keppa á EM í bekkpressu sem fram fer í ágúst nk.

Annar flokkur í London



Annar flokkur karla í knattspyrnu vann sig upp í B-deild í fyrra eftir frábært tímabil og hafa strákarnir lagt hart að sér við æfingar í vetur. Um páskana var haldið í æfingaferð til London þar sem hópurinn æfði við bestu aðstæður hjá úrvalsdeildarliði QPR og gerði auk þess margt skemmtilegt saman.

Til dæmis var farið á leik Englands og Litháen á Wembley og sömuleiðis voru búðirnar á Oxford Street rannsakaðar lítilliga. Íslandsmótið hófst með látum þann 17. maí síðastliðinn þegar leikið var við lið Aftureldingar í Mosfellsbæ. Gróttumenn fóru með 2-1 sigur af hólmi í spennandi leik þar sem Axel Fannar Sveinsson og Bessi Jóhannsson skoruðu mörkin.



GETRAUNANÚMÉR

GRÓTTU ER

170



Fimleikadeild Gróttu hefur endurnýjað mikið af áhöldum á síðastliðnu ári en eldri áhöld voru orðin úr sér gengin eftir áralanga notkun. Fimleikaáhöld eru mjög dýr og því hefur styrkur frá Seltjarnarnesbæ við áhaldakaup verið ómetanlegur, en þau veittu styrk fyrir kaupum á fiber stökkbraut fyrir hópfimleika og fimleikagólfi fyrir áhaldafimleika.

Fimleikadeildin þakkar Seltjarnarnesbæ kærlega fyrir. Auk þess hefur fimleikadeildin keypt hópfimleika dansgólf, stökkbretti, hlauparenning, nýjar rár fyrir tvislárnar og þrjár nýjar jafnvægisslár fyrir rúmar fjórar milljónir.

Nú bíða áhöldin eftir stækkun íþróttamiðstöðvarinnar þannig að hægt sé að nota hópfimleika dansgólfið á hverjum degi og æfa stökkseriur á fiberbrautinni með fullu tilhlaupi. Fullt tilhlaup er 16 metrar enn er eingöngu 2 metrar í fimleikasalnum í Gróttu. Auk þess háir það iðkendur fimleika í Gróttu verulega að eingöngu er hægt að æfa stökk og trampólín með fullu tilhlaupi þrisvar í viku eða þá daga sem að fimleikadeildin hefur aðgang að litla salnum. Nú er komið að þeim tímamótum að það lítur út fyrir að fimleikadeildin sé að missa eldri iðkendur til annarra félaga vegna aðstöðunnar. Auk þess gengur illa að ráða þjálfara til deildarinnar þar sem að þeir velja frekar að þjálfá hjá félögum með betri aðstöðu. Verði ekkert af stækkun íþróttamiðstöðvarinnar fljótlega þá þarf að endurskilgreina hlutverk fimleikadeildar Gróttu, á þetta að vera eingöngu félag fyrir yngri iðkendur og uppeldisfélag fyrir önnur fimleikafélög? Eða ætlum við að halda áfram eða vera með gott starf fyrir iðkendur á öllum aldri og á öllum getustigum á Nesinu?

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Melkorka Gunborg Briansdóttir sem fékk 9.88 í meðaleinkun við útskriftina í 10. bekk í Valhúsaskóla. Hún er algjört hæfileikabúnt, leikur á pianó, syngur, tekur þátt í ræðukeppnum og var í ritnefnd.

Fullt nafn? Melkorka Gunborg Briansdóttir.

Fæðingard. og ár? 15. nóvember 1999.

Starf? Nemandi og starfsmaður í skapandi sumarstarfi Seltjarnarnes.

Farartæki? Rauða hlaupahjólíð mitt sem skróltir í.

Helstu kostir? Ég er dugleg, vandvirk, fjölhæf, fyndin og vingjarnleg.

Eftirlætis matur? Lasagnað hennar mömmu, tortillur eða hvað sem er með basiliku.

Eftirlætis tónlist? Ég er hrifin af svo mörgu. Mér finnst kórtónlist mjög skemmtileg, indie- og folktónlist, kvikmyndatónlist, popp og svo hlusta ég líka mikið á klassíska tónlist.

Eftirlætis íþróttamaður?

Lovisa Thompson!

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Sherlock, Downton Abbey, Raised By Wolves og heimildamyndir. Ég elska allt sjónvarpsefni sem tengist mannkynssögunni, sérstaklega kóngafólki.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Óff, þær eru margar góðar. Þó að það sé klisjukennt þá verð ég að segja The Hunger Games eftir Suzanne Collins.

Uppáhalds leikari? Jennifer Lawrence, Meryl Streep og Benedict Cumberbatch eru öll góðir leikarar. Ég á mér í rauninni ekki uppáhald.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Amadeus, hún er algjörlega frábær.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Ég ætla bara að vera hreinskilin og segja að ég sé í símanum mínum eða tölvunni minni. Ég er reyndar oft að uppgötva nýja og skemmtilega hluti á netinu og fá hugmyndir. Ég var vön að lesa gríðarlega mikið í frítíma mínum, en núna geri ég ekki nógu mikið af því. Svo spila ég og dunda mér við pianóið.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Þórsmyrk, Flórens á Ítalíu og Glendalough á Írlandi.



Hvað metur þú mest í fari annarra?

Samkennd, húmor og áreiðanleika.

Hvern vildir þú helst hitta?

Jesú Krist, Chopin, Jóhönnu af Örku og Dorrit. Ég hef aldrei spjallað við Dorrit.

Uppáhalds vefsíða?

YouTube er frábær síða, góður vettvangur fyrir allt mögulegt. Það er gaman að uppgötva og læra nýja hluti á YouTube.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?

Bækur, pening og súkkulaðirúsinur.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir

5 milljónir í happdrætti?

Ég myndi kaupa eitthvað fallegt handa mömmu (hún er að fylgjast með mér núna) og pabba líka. Síðan myndi ég leggja afganginn inn á bankabók.

Hvað myndir þú gera ef þú værir

bæjarstjóri í einn dag? Ég gæfi öllum ís og súkkulaðirúsinur.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Ég ætla í MH í haust, það er aldrei að vita hvert það leiðir mig.

Hvað ætlar þú að gera í sumarfríinu?

Ég er svo heppin að vera með skapandi sumarstarf hjá bænum. Ég er í hljómsveit með þremur öðrum stelpum og við erum hluti af listhóp með öðru fólki. Við erum að undirbúa tónlistaratriði fyrir ýmsa viðburði og skipuleggja gjörninga. Það er mjög skemmtilegt. Ég stefni á að vera með vinum mínum og fjölskyldu og ætla að reyna að lesa nokkrar bækur í stað þess að vera í tölvunni og símanum. Ég mun líka fara til Írlands og Austuríkis í sumar.



Rauða ljónið
síðan 1989

**HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN**

TAKTU MEÐ
eda
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is



Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Hinrik Valsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Ljósveitan
Kemur með háhraðanetið



100 Mb/s á Seltjarnarnesi

Heimili á Seltjarnarnesi eiga nú kost á 100 Mb/s tengingum um Ljósveitu Mílu.

Með nútímataækni og fyrirliggjandi samböndum geta nú 89.400 íslensk heimili uppfært hraðann hjá sér án nokkurra aukatenginga eða framkvæmda.

Kynntu þér stöðugar háhraðatengingar Ljósveitunnar á www.mila.is

Hafðu samband við
eftirtalda aðila til að kaupa
þjónustu um Ljósveituna

Tölvustöð

365

Fjölnet

vodafone

Hringdu

snerpa

Hringiðan

Símafélagið

Síminn

TÖLVUN

TAL

mila
Lífæð samskipta